

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanevnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félag skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félag, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanevnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanevnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanevnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanevnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanevndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparissjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikningsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félagum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagrein ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveð-

ur, allt að 100.00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð. 26

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

8. maí

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á félagssvæði þess. Ákvæði þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og verður aðeins beitt um fyrningarsjóðsgjald og jarðræktarframlög, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

27

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. 9. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „2%“ í 17. gr. laganna komi: 3½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.